

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 91/1976 fyrir Styrktar- og minningarsjóð samtaka astma- og ofnæmissjúklinga.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

6. gr. orðist svo:

Heimilt er að verja allt að 4/5 hluta árlegra tekna sjóðsins til styrkveitinga. Ávaxta skal sjóðinn eftir þeim bestu leiðum sem í boði eru hverju sinni og á eins öruggan hátt og unnt er.

7. gr. orðist svo:

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 16. apríl, en þá er stofndagur Astma- og ofnæmisfélagsins. Stjórn sjóðsins ákvarðar hvað oft skal veita styrki úr sjóðnum. Það skal þó eigi vera sjaldnar en þriðja hvert ár.

8. gr. orðist svo:

9. grein verður 8. grein.

9. gr. orðist svo:

10. grein verður 9. grein.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Styrktar- og minningarsjóð samtaka astma- og ofnæmissjúklinga staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 29. ágúst 2011.*

**Ríkarður Mátsson.**

*Björn Ingi Óskarsson.*